

Borgarráð 10. febrúar 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu rafrænna undirritana hjá Reykjavíkurborg MSS22020135

Á fundi borgarráðs 3. febrúar var óskað eftir að borgarráð myndi staðfesta að landslög gildi hjá Reykjavíkurborg. Óskað var eftir samþykki að þegar gögn frá Reykjavíkurborg séu undirrituð, geti fullgild rafræn undirskrift komið í stað eiginhandarundirskriftar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar nánari upplýsinga um af hverju sérstaklega þarf að staðfesta þetta? Rafrænar undirskriftir geta verið af ýmsum toga en samkvæmt lögum 55/2019 þá annast Neytendastofa framkvæmd eftirlits hér á landi með lögfestri tilskipun ESB 910/2014 en í henni stendur „fullgild rafræn undirskrift skal hafa sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskrift“. Í fyrirsögninni er einungis rafræn en ekki fullgild rafræn og í minnisblaðinu er hoppað milli rafrænna og fullgildra rafrænna eftir hentugleika –hver er skýringin á þessu? Þegar þetta verkefni var fyrst kynnt fyrir borgarráði á síðasta ári, þá kom fram að Þjónustu og nýsköpunarsvið hefði verið með verkefnið í "uppgötvunarfasa" og svo í tilraunafasa og loks þróunarfasa. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað er verið að uppgötva og þróa varðandi innleiðingu á lausn sem er að finna alls staðar í fyrirtækjum og hefur verið lengi í notkun? Hvers vegna hefur Reykjavíkurborg líkt og önnur sveitarfélög og stofnanir ekki nýtt sér gæði og hagkvæmni rammisamnings Ríkiskaupa um rafrænar undirskriftir í stað þess að gera kostnaðarsama sérsamninga við Dokobit?